



SAMKEPPNISRÉTTARÁÆTLUN VALITOR HF.



A. STEFNUYFIRLÝSING

Stjórn Valitor hf. (hér eftir „**Valitor**“) hefur samþykkt samkeppnisréttaráætlun fyrirtækisins. Það er stefna Valitor og dótturfélaga að ástunda virka og öfluga samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á og veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi og fjölbreytta þjónustu.

Það er enn fremur stefna Valitor að fyrirtækið og allir starfsmenn þess fari í öllu að ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005, sem og þeim samkeppnislögum sem í gildi eru í öðrum þeim ríkjum sem fyrirtækið starfar í hverju sinni. Samkeppnislög eru sett til að vernda samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað eða hún takmörkuð.


Einstakar markaðsfærslur Valitor hafa orðið tilefni rannsóknar samkeppnisyfirvalda og fyrirtækið hefur sætt sektum vegna brota gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005. Það er stjórnendum Valitor mikilvægt að í markaðsfærslum fyrirtækisins sé hugað að þessari fortíð, þannig að bætt sé úr í framtíð og varfærni sé gætt í hvívetna.

Valitor styður alla viðleitni til að vernda og efla virka samkeppni, neytendum, atvinnulífinu og þjóðfélaginu öllu til góða. Stjórnendur fyrirtækisins bera ábyrgð á því að innleiða og kynna starfsmönnum samkeppnisréttaráætlun Valitor og gæta þess að henni sé fylgt. Verði starfsmaður uppvís að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi varðar það viðurlögum í starfi, auk þess sem því kann að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

B. TILGANGUR OG MARKMIÐ SAMKEPPNISRÉTTARÁÆTLUNAR

Tilgangur og markmið samkeppnisréttaráætlunar Valitor er að greina og draga úr samkeppnisréttarlegum áhættuþáttum og tryggja eins og kostur er að fyrirtækið starfi í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti. Markmiði þessu skal náð í þremur skrefum:

- *Í fyrsta lagi* hafa stjórn og stjórnendur Valitor mótað samkeppnisréttaráætlun þessa og leggja mikla áherslu á að starfsmenn tileinki sér hana. Áætlunin felur í sér að starfsmenn tileinki sér góða vitund og jákvætt viðhorf til samkeppnislaga og samkeppnisreglna. Slíkt viðhorf birtist m.a. í því að aðlaga sig að ýmsum kröfum sem lögin gera til háttsemi fyrirtækisins og starfsmanna þess. Það felst einnig í því að leita þeirra leiða í markaðsfærslu fyrirtækisins sem mögulegar eru að teknu tilliti til þeirra skyldna sem samkeppnislögin setja á Valitor. Loks felst í þessu að samkeppnisréttarleg áhætta er metin, bæði hvar hún telst almennt vera fyrir hendi í starfsemi Valitor og í tengslum við einstaka ákvarðanir um samskipti við keppinauta og markaðsfærslu gagnvart öðrum keppinautum og viðskiptavinum.

- 
- *Í öðru lagi* hefur Valitor mótað nauðsynlega innviði til að samkeppnisréttaráætlunin sé virk í framkvæmd. Starfsmenn fá vandaða fræðslu og upplýsingagjöf um ákvæði samkeppnislaga og þær skyldur fyrirtækisins og starfsmanna þess sem af ákvæðum laganna leiðir. Umsjón með framkvæmd stefnunnar er í höndum regluvarðar og lögfræðiráðgjafar Valitor. Meginábyrgðin hvílir þó á starfsmönnum, að starfa í samræmi við samkeppnislög og stefnu Valitor.
 - *Í þriðja lagi* er samkeppnisréttaráætlunin eðlislægur hluti af viðskiptaháttum Valitor. Starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins hafa samkeppnislög að leiðarljósi í daglegum störfum sínum. Brjóti starfsmenn gegn samkeppnislögum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi getur það leitt til viðurlaga í starfi.

C. AFLEIÐINGAR BROTA GEGN SAMKEPPNISLÖGUM

Með því að tileinka sér góða viðskiptahætti í samræmi við samkeppnislög getur Valitor komið í veg fyrir eða takmarkað verulega hættuna á þeim alvarlegu afleiðingum sem brot á samkeppnislögum geta haft í för með sér. Í því sambandi skal eftirfarandi haft í huga:

- Brot á samkeppnislögum sporna gegn heilbrigðri samkeppni og valda neytendum tjóni.
- Brot á samkeppnislögum skaðar orðspor fyrirtækisins og veldur álitshnekki sem grefur undan fyrri markaðsherferðum og uppbyggingu ímyndar.
- Sektir vegna samkeppnislagabrota geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs fyrirtækjasamstæðunnar.
- Starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis sem framkvæmir, hvetur til eða kemur til leiðar ólögsmætu samráði eða samstilltum aðgerðum keppinauta, getur átt yfir höfði sér sektir eða fangelsi allt að sex árum. Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum eru einnig refsiverð.
- Mikill kostnaður fylgir því að bregðast við rannsóknum samkeppnisyfirvalda, s.s. tapaður vinnutími starfsmanna, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður.
- Samningar sem brjóta í bága við samkeppnislög eru ógildir og er ekki hægt að fullnusta þá eða framfylgja þeim eftir efni þeirra.
- Skaðabótakröfur frá þeim sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af brotlegri háttsemi fyrirtækja geta numið háum fjárhæðum.

Í ljósi framangreinds leggur Valitor ríka áherslu á að allir starfsmenn fyrirtækisins umgangist samkeppnisréttaráætlun fyrirtækisins af heilindum

D. MENNTUN OG ÆKKINGARAUKI STARFSMANNA

Með því að tileinka sér góða viðskiptahætti í samræmi við samkeppnislög getur Valitor komið í veg fyrir eða takmarkað verulega hættuna á þeim alvarlegu afleiðingum sem brot á samkeppnislögum geta haft í för með sér. Í því sambandi skal eftirfarandi haft í huga:

- Brot á samkeppnislögum sporna gegn heilbrigðri samkeppni og valda neytendum tjóni.
- Brot á samkeppnislögum skaðar orðspor fyrirtækisins og veldur álitshnekki sem grefur undan fyrri markaðsherferðum og uppbyggingu ímyndar.
- Sektir vegna samkeppnislögabrota geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs fyrirtækjasamstæðunnar.
- Starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis sem framkvæmir, hvetur til eða kemur til leiðar ólögætu samráði eða samstilltum aðgerðum keppinauta, getur átt yfir höfði sér sektir eða fangelsi allt að sex árum. Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum eru einnig refsiverð.
- Mikill kostnaður fylgir því að bregðast við rannsóknum samkeppnisyfirvalda, s.s. tapaður vinnutími starfsmanna, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður.
- Samningar sem brjóta í bága við samkeppnislög eru ógildir og er ekki hægt að fullnusta þá eða framfylgja þeim eftir efni þeirra.
- Skaðabótakröfur frá þeim sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af brotlegri háttsemi fyrirtækja geta numið háum fjárhæðum.


Í ljósi framangreinds leggur Valitor ríka áherslu á að allir starfsmenn fyrirtækisins umgangist samkeppnisréttaráætlun fyrirtækisins af heilindum

E. UMSJÓNARADILAR SAMKEPPNISRÉTTARÁÆTLUNAR

Samkeppnislög eru matskennd og víðtæk og taka til starfsemi Valitor á ólíkum mörkuðum. Samkeppnisréttaráætlun þessari er ekki ætlað að svara öllum álitaefnum sem kunna að koma upp, heldur tryggja að þeir starfsmenn sem þurfa að glíma við samkeppnisréttarleg álitaefni hafi grunnþekkingu á samkeppnislögum og þeim reglum sem geta átt við um þeirra starfssvið og fullnægjandi skilningi á því hvers ber að gæta.

Það er tilgangur samkeppnisréttaráætlunar að starfsmenn skilji mikilvægi þess að samkeppnisreglum sé fylgt og að starfsmenn geti vegið og metið hvert álitaefni fyrir sig og leitað viðunandi stuðnings og aðstoðar hjá lögfræðideild við úrlausn álitaefna þegar þörf krefur.

Yfirlögfræðingur Valitor gegnir lykilhlutverki varðandi innleiðingu og daglega framkvæmd og umsjón með samkeppnisréttaráætlun Valitor. Hlutverk yfirlögfræðings og annarra lögfræðinga í lögfræðideild felst m.a. í því að vera starfsmönnum til stuðnings og ráðgjafar varðandi



álitaefni sem upp kunna að koma. Séu starfsmenn í vafa um hvort fyrirætlanir séu samþýðanlegar samkeppnisreglum ber þeim að leita ráðgjafar hjá lögfræðideild.

Ef sú staða kemur upp að brot á samkeppnislögum hafa átt sér stað í starfsemi Valitor grípur regluvörður til viðeigandi ráðstafana. Hann lætur vinna nauðsynlega innri athugun og metur hvort málið gefi tilefni til þess að leitað sé til Samkeppniseftirlitsins. Ef starfsmaður telur hugsanlegt að slíkt brot hafi þegar átt sér stað er hann hvattur til að koma ábendingu um það á framfæri við regluvörð. Slíka ábendingu er unnt að setja fram undir nafnleynd á innra neti Valitor og öll samskipti við regluvörð hvað þetta varðar eru meðhöndluð af trúnaði. Þá gegnir regluvörður einnig mikilvægu hlutverki við að tryggja viðunandi símenntun og þekkingu starfsmanna og vitund hvað varðar samkeppnisréttaráætlun Valitor og samkeppnislög.

Helstu verkefni umsjónaraðila samkeppnisréttaráætlunar Valitor verða með svofelldum hætti:

Yfirlögfræðingur:

- Veitir starfsmönnum ráðgjöf ef þeir eru í vafa um hvort fyrirætlanir, verkefni, auglýsingar eða samningar séu í samræmi við samkeppnisréttaráætlun Valitor og samkeppnislög.
- Ber ábyrgð á samskiptum við samkeppnisyfirvöld og önnur stjórnvöld vegna samkeppnismála og annast gagnaöflun vegna rannsókna samkeppnisyfirvalda eða athugana á viðskiptaháttum og starfsemi Valitor.
- Fylgist með því, eftir atvikum í samstarfi við öryggisstjóra Valitor, að skilyrði sem að Valitor lúta vegna ákvarðana samkeppnisyfirvalda séu virt.
- Ber ábyrgð á samskiptum við óháðan kunnáttumann, sem tilnefndur hefur verið til eftirlits með framfylgni sátta Valitor við Samkeppniseftirlitið.
- Sér til þess að innan Valitor séu til staðar uppfærðar upplýsingar um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem snerta starfsemi fyrirtækisins og allar skyldur sem á því hvíla vegna þeirra.

Regluvörður:

- Ákveður áherslur í fræðslu um samkeppnismál og sér til þess að starfsmenn fái menntun og þjálfun um samkeppnismál eftir því sem hæfir stöðu og verkefnum hvers og eins. Árlega skulu námskeið haldin og próf skulu framkvæmd reglulega þar sem stuðlað er að fræðslu nýrra starfsmanna og endurmenntun eldri starfsmanna.

- Tekur við ábendingum starfsmanna um háttsemi sem kunni að fara gegn samkeppnisréttaráætlun Valitor. Ábendingum er unnt að koma á framfæri undir nafnleynd á innra neti Valitor. Regluvörður er sjálfstæður í störfum sínum og í samskiptum við hann ríkir trúnaður.


F. FERLI VIÐ TYLKYNNINGU SAMKEPPNISLAGABROTA

Ef starfsmaður verður þess var að samskipti hafi þegar átt sér stað eða háttsemi hefur þegar verið viðhöfð sem gæti falið í sér brot gegn samkeppnislögum er hann hvattur til að upplýsa regluvörð um slíkt þegar í stað, hvort heldur munnlega eða með rafrænni tilkynningu á innri vef Valitor.

Regluvörður skal bregðast hratt við sérhverjum ábendingum og framkvæma nauðsynlega athugun innan fyrirtækisins til að meta hvort áhyggjur um brot eigi við rök að styðjast. Regluvörður er sjálfstæður í störfum sínum og skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem hann telur nauðsynlegar við rannsókn mögulegra brota gegn samkeppnislögum. Þá skal regluvörður einnig hafa beinan aðgang að stjórn og stjórnendum Valitor varðandi samkeppnisréttarleg málefni, auk þess sem regluverði er heimilt að leita ráðgjafar utanaðkomandi lögmannna án sérstaks samþykkis stjórnar eða stjórnenda Valitor.

Þegar regluvörður hefur lokið athugun skal hann tilkynna stjórn Valitor um niðurstöður sínar og um þær skal fjallað á fundi stjórnar. Sé það niðurstaða regluvarðar að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað, skal stjórn Valitor eftir atvikum og svo fljótt sem auðið er taka ákvörðun um hvort leita skuli til Samkeppniseftirlitsins með tilgreint mál, upplýsa um það, gefa yfirlýsingu um samstarfsvilja Valitor við að upplýsa það og óska um leið eftir niðurfellingu eða lækkun hugsanlegrar sektar sem af broti getur hlotist.

Fyrrgreindu ferli við tilkynningu samkeppnislagabrota í gegnum innra net Valitor má lýsa myndrænt með eftirgreindum hætti:





G. SAMKEPPNISRÉTTARÁÆTLUN - GRUNDVALLARATRÍÐI

Tilgangur og markmið samkeppnisréttaráætlunar Valitor er að greina og draga úr samkeppnisréttarlegum áhættuþáttum og tryggja eins og kostur er að fyrirtækið starfi í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti. Í viðaukum 1-5 við samkeppnisréttaráætlun þessa er að finna verklagsreglur og leiðbeiningar til stjórnenda og starfsmanna til þess að ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að. Í *viðauka 1* er að finna verklagsreglur og leiðbeiningar vegna 10. gr. samkeppnislaga. Í *viðauka 2* er að vinna verklagsreglur og leiðbeiningar vegna 11. gr. samkeppnislaga. Í *viðauka 3* er að finna verklagsreglur og leiðbeiningar vegna 17. gr. samkeppnislaga. Í *viðauka 4* er að finna viðbragðsáætlun vegna húsleitar stjórnvalda. Loks er að finna í *viðauka 5* verklagsreglur og leiðbeiningar til stjórnenda og starfsmanna um samskipti, meðal annars um notkun og meðferð tölvupósts.